

rjett, með sjerstöku tilliti til þess, að kostnaður við innrekstur hvalanna, mun hafa verið greiddur af andvirði hvalaafurðanna, að krafa sú, er stefnendurnir hafa gert til þrautavara, verði tekin til greina, og að þeim verði dæmdur $\frac{1}{3}$ hluti af „netto“ andvirði hvalanna allra.

Samkvæmt þessu ber að dæma hina stefndu einn fyrir alla og alla fyrir einn, til að greiða stefnendunum kr. 2540,84, með 5 % ársvöxtum af þeirri upphæð, frá sáttakærudegi 11. okt. 1917 að telja, til greiðsludags. Svo ber og að dæma þá til, að greiða stefnendunum málskostnað, er eftir atvikum virðist hæfilega metinn 300,00 krónur.

Miðvikudaginn 20. maí 1925.

Nr. 16/1925.

Valdstjórnin (Sveinn Björnsson)
gegn

Þórði J. Thoroddsen (L. Fjeldsted).

Um lögmati ákvæða um sölu áfengis eftir lyfseðli í 5. og 6. gr. ásamt refsifyrirmælum 8. gr. reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. mars 1925: Kærður Þórður Jónas Thoroddsen á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er höfðað á hendur kærða einungis fyrir brot á fyrirmælum reglugjörðar nr. 67, 7. ágúst 1922, og kemur því ekki til álita hvort hann kynni að hafa gerst brotlegur við aðrar rjettarreglur með athöfnum þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða lög-reglurjettardómi.

Kærði hefir að vísu brotið ákvæði 5. og 6. gr. áðurnefndrar reglugjörðar, sem sett er af dómsmála-

ráðherra, svo sem í upphafi hennar segir, »samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 27. júní 1921«. En hvorki í 2. gr. tjeðra laga nje annarstaðar í þeim felst heimild til handa framkvæmdarvaldinu til þess að setja ákvæði þau um sölu áfengis eftir lyfseðli er í 5. og 6. gr. reglugjörðarinnar segir, ásamt refsifyrirmælum 8. gr. sömu reglugjörðar, og ber því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í þessu máli, eins og hjeraðsdómarinn hefir gert. Einnig ber að staðfesta ákvæði lögreglurjettardómsins um málskostnað í hjeraði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að greiða úr ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda málsins og verjanda, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Lárusar Fjeldsteds, 150 kr. til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er að fyrirlagi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn fyrverandi hjeraðslækni, Þórði Jónasi Thoroddsen, Túngötu nr. 12, hjer í bænnum, sem eigi hefir áður sætt refsingu eða kæru fyrir brot gegn áfengislöggjöf-inni, fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar nr. 67/1922 um sölu áfengis til lækninga, og eru málavextir þeir er nú skal greina:

Í desembermánuði f. á. athugaði lyfsölustjórinn eftir ósk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í samráði við landlækni og í návist hans, áfengisseðla þá, er látið hafði verið úti eftir í lyfjabúðum eftir 154 áfengisseðlum frá kærðum í maímánuði og eftir 88 í nóvembermánuði. Af áfengisseðlunum frá kærðum, sem látið var úti eftir í lyfjabúðunum á þessum tveimur mánuðum, voru aðeins 1 lyfseðill í maí og 58 í nóvember ritaðir á hin sjerstöku eyðublöð, er ræðir um í 5. gr. reglugjörðar nr. 67/1922, hinir voru ritaðir á algeng lyfseðlaeyðublöð og af áfengisseðlunum, sem látið var úti eftir í maímánuði f. á. hljóðuðu 152, og af lyfseðlunum, sem látið var út eftir í nóvembermánuði f. á., hljóðuðu 72, um meira áfengi, en svarar 210 gr. af spiritus concentratus, eða stærri áfengisskamt, en 6. gr. reglugjörðarinnar heimilar mannalæknum að ávísa sjálfum sjer eða öðrum í einu, nema sjerstaklega standi á.

Kærður hefir ekki vjefengt skýrslurnar frá lyfsölustjóra og talið sennilegt að hann hafi gefið út eins marga áfengislyfseðla á þessum tveim mánuðum og þar eru taldir og að eins margir þeirra hafi brotið í báð við fyrirmæli 5. og 6. gr. reglugjörðar nr. 67/1922 og skýrslurnar telja. Ástæðurnar til þess, að kærður hefir gefið út eins marga áfengislyfseðla og skýrslurnar sýna, telur hann þær, að svo mikil aðsókn sje að honum sem lækni, sjerstaklega að innvortis sjúkdómum, að hann hafi sem læknir talið nauðsynlegt, að gefa út svona marga áfengislyfseðla í lækninga skyni. Hann kveður sjúkravitjanir sínar og viðtöl við sjúklinga vera um 8—9 þúsund á ári að meðaltali, og margt af því fólki, sem vitjar hans, eru sjómenn og eldra fólk, og hefir hann talið nauðsynlegt að verða við óskum þess um áfengi sem lyfi gegn ýmsum kvillum og til varnar innkuksi og ná úr sjer kvefi. Kveðst hann aldrei hafa látið úti áfengislyfseðil í öðru skyni en því, að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma eða kvilla.

Þar sem kærður hafi orðið að gefa út svo marga áfengislyfseðla hafi hin sjerstöku eyðublöð undir þá, er hann hafi fengið hjá landlækni hvergi nærri brokkið til að sinna þeim kröfum, sem til hans hafi verið gerðar af sjúklingum, og hann sem læknir hafi talið sig verða að sinna. Hafi hann þá fylgt þeirri reglu, að fá hjá landlækni svo mörg slík eyðublöð, sem hann hafi getað fengið, eða sem svaraði 25 eyðublöðum á mánuði, og notað þau, meðan entust, en er þessi eyðublöð voru notuð skrifaði hann áfengisseðlana á venjulegan lyfseðlamiða.

Hann kveðst hafa fengið hjá landlækni 50—150 áfengislyfseðlaeyðublöð í einu og notað meðan entust og hafi því komið fyrir mánuðir, sem hann hafi ekkert slíkt eyðublað haft.

Aldrei kveðst kærður hafa látið úti lyfseðla, er hljóðudu um meira en hinn tiltekna skamt af áfengi, nema hann hafi talið skilyrðin fyrir því eftir reglugjörðinni, vera fyrir hendi, nefnilega er um aðkomumenn var að ræða, er bjuggu langt frá lækni, eða menn sem ætluðu til sjós og hann vissi að ekki myndu misbrúka áfengið. Hann kveður lyfseðlana þó hafa hljóðað um venjulegast 300 gr., en þó einstöku sinnum 400 gr. Hitt játar hann, að hann hafi vanrækt að láta lyfseðlana bera þetta með sjer og ekki rit- að ástæðurnar á þá, eins og búið er í 6. gr. reglugjörðarinnar.

Svo hefir kærður borið brigiður á það, að reglugjörð sú, er hann er kærður fyrir brot á, hafi nægilega stoð í gildandi lög- um, og mótmælt því að hægt væri að refsa læknum fyrir brot gegn henni.

Kærður hefir brotið ákvæði 5. og 6. greinar reglugjörðar nr. 67/1922 með því að gefa út áfengislyfseðla, er ekki voru rit- aðir á hin fyrirskipuðu eyðublöð, og með því að hafa áfengis- skamtana stærri, en fyrirskipað er í henni, án þess að geta um ástæðurnar á þeim. Verður þá að athuga hvort sú vörn hans í málinu, að reglugjörð þessi hafi ekki næga stoð í gildandi lög- um er á rökum bygd.

Reglugjörð nr. 67/1922 um sölu áfengis til lækninga (stj. tíð. s. á. B, bls. 150—152) er gefin út af dóms- og kirkjumálaráðu- neytinu 7. ágúst 1922, og eftir því, sem það sjálft segir, sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 62 frá 27. júní 1921 um einka- sölu á áfengi. Áður giltu um sölu lyfja, sem áfengi er í, reglur settar 15. apríl 1920 af landlækni samkvæmt 9. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi, prentaðar í Lögbirtingablaðinu 14. maí 1920, og eru þær reglur úr gildi numdar frá 1. september 1922 að telja með 9. gr. reglugjörðar- innar nr. 67/1922.

Fyrri málsgrein 2. gr.l. nr. 62/1921 hljóðar svo: „Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr. selur hún aðeins lyfsölu og læknum er ekki hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðr- um þeim, er bannlögin heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissölu. Í þeim reglum, skal það tekið til hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo mest sje á ári hverju, eða um tiltekið tímabil“.

Reglur þær, er ræðir um í öðrum málslíð málsgreinarinnar, verður nú að álíta að eigi að vera um áfengissölu þá, sem ræðir um í 1. málslíð málsgreinarinnar, en það er áfengissalan til lyfsala og lækna, en ekki salan frá þeim aftur á áfengi til lækninga. Þetta sjest af 3. málslíð málsgreinarinnar, því ákvæði þau sem þar ræðir um, ná eingöngu til sölnnar til lækna og lyfsala, en ekki til sölnnar frá þeim aftur til lækninga.

Þetta er mjög edlilegt. 2. og 3. málslíður málsgreinar þessarar leggja fyrir ríkisstjórnina að setja reglur um áfengissölu þá, sem henni er veittur einkarjettur á í 1. gr. laganna, en ákvæði um reglur fyrir sölu lyfja, sem áfengi er í, voru til í hinni gildandi löggjöf, nefnilega í 2. málsgrein 9. gr. laga nr. 91/1917 um aðflutningsbann á áfengi og þar ákvæðið, að landlæknir skyldi setja reglur til tryggingar því, að áfeng lyf yrðu eigi höfð til neyslu heldur eingöngu lækninga. Það er athugandi, að sjerfræðispekkingu í læknisfræði þarf til þess að setja reglur um sölu lyfja, sem áfengi er í, og því edlilegt að það væri trygt í lögunum, að ríkisstjórnin leitadi álits landlæknis um slíkar reglur, áður en þær væru settar, ef stjórnin ætti að setja þær, sbr. og stjórnarfrv. það til laga um breytingar á bannlögunum, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi það, sem nú situr, en ekkert slíkt ákvæði er í lögum nr. 62/1921, og bendir það til þess, að ríkisstjórninni hefir ekki verið ætlað í lögunum að setja slíkar reglur, heldur aðeins um sölu áfengis þess, er hún í lögunum fjekk einkarjett til sölu á, til lækna og lyfsala og annara er bannlög heimiluð, og svo um sölu á suduvökva og idnaðaráfengi, því ákvæði vantaði í löggjöfina um setningu reglna um þessa sölu, sbr. nú 2. málsg. 2. gr. laga nr. 62/1921, og reglugjörðir nr. 65 og 66/1922.

Nefnd sú á Alþingi 1921 (lyfjasölu nefndin í Ed.), er bar fram frv. til laganna um einkasölu á áfengi, ætlaðist heldur eigi til að ríkisstjórnin fengi í þeim lögum heimild til þess að setja reglur um sölu áfengis til lækninga. Í 2. gr. frv., sem nefndin bar fram stöð berum orðum: „Um sölu áfengis til lyfja, fer samkvæmt gildandi bannlögum“ (Alþ. tíð. 1921 A, bls. 770). Þetta ákvæði fjell að vísu úr lagafrv. undir meðferð þess í Ed., án þess að sjeð verði að tilætlunin með burtfellingu þess hafi verið sú, að reglur þær er stjórninni var falið að setja, ættu einnig að ná til sölu áfengis til lækninga, og að minsta kosti var ákvæðið í 2. málsg. 9. gr. bannlaganna, um setningu reglna af hálfu landlæknis um þetta efni, ekki felt úr gildi með einkasölulögnum

frá 1921. Það sjest að visu í Alþingistiðindunum, að á Alþingi hafa sumir þingmenn litið svo á, að í frv. fælist heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja reglur um sölu áfengis til lækningar, en þar sem sú skoðun byggist ekki á orðum laganna og getur ekki samrýmt þeim, en ákvæðið í 9. gr. bannlaganna hinsvegar hefir ekki verið úr gildi felt, getur það enga þýðingu haft, þegar um það er að ræða, að beita lögnum.

Rjetturinn verður því að líta svo á, að reglugjörð nr. 67/1922 hafi ekki næga stoð í 2. gr. laga nr. 62/1921 eða annarsstaðar í gildandi lögum, og þar sem málshöfundarfyrrskipun dómsmálaráðuneytisins gegn kærðum er einskorðuð við brot á ákvæðum þessarar reglugjörðar, verður að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli og málskostnaður að greiðast af almannafje.

Það skal og tekið fram, að í lögum nr. 62/1921 er ekkert ákvæði, er heimili að leggja í reglugjörð refsingu við brotum gegn ákvæðum hennar, en það hefir jafnan verið talið nauðsynlegt skilyrði fyrir því að refsing verði á lögð fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðar, að ótvíræð lagaheimild til þess væri fyrir hendi, og það svo að bráðabirgðalög hafa verið gefin út, ef lagaheimild þessa hefir vantað, sbr. til að mynda bráðabirgðalög nr. 72 frá 30. desember 1915.

Á rekstri máls þessa hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. júní 1925.

Nr. 64/1924.

Rjettvísín

gegn

Birni Sveinssyni og Skúla Thorarensen.

Órskurður.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarjetti ber rannsóknardómaranum að útvega eftirgreind skilríki:

1. Hlaupareikning áfengissmäsölunnar við Lands-